

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 132/1994.

Ingólfur Aðalbjörnsson

(Guðmundur Kristjánsson hdl.)

gegn

Snæfellingi hf.

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Ráðningarsamningur. Uppsögn. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1994 og krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 1.603.338 krónur með dráttarvöxtum. Til vara krefst hann greiðslu á 801.669 krónum og til þrautavara 267.223 krónum. Í öllum tilvikunum krefst hann vaxta, eins og greinir í héraðsdómi, svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í 10. gr. ráðningarsamnings, sem aðilar máls þessa gerðu með sér 13. janúar 1992, segir, að framkvæmdastjóri sé ráðinn til reynslu í þrjá mánuði, og samkvæmt 14. gr. gildi samningurinn frá 1. janúar 1992 til 31. mars 1992. Áfrýjandi hélt áfram starfi framkvæmdastjóra hjá stefnda, eftir að greindu tímabili lauk, án þess að nýr skriflegur samningur væri gerður.

Á stjórnarfundum stefnda 9. apríl 1992 var samþykkt tillaga þess efnis, að áfrýjandi „verði ráðinn áfram með eins mánaðar uppsagnarfresti“. Hlaut tillagan atkvæði tveggja stjórnarmanna af þremur, en tillaga þriðja stjórnarmanns um þriggja mánaða uppsagnarfrest náði ekki fram að ganga. Í héraðsdómi er rakin bókun, sem gerð var í lok þessa stjórnarfundar. Á stjórnarfundum 27. apríl 1992 var eftirfarandi bókað: „Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra. Tekin var fyrir ósk framkvæmdastjóra um hækkun launaliðar samningsins gegn ákvæði um eins mánaðar uppsagnarfrest. Málinu frestað til næsta fundar.“ Á stjórnarfundum 7. maí 1992 er enn bókað, að málinu

sé frestað. Áfrýjandi gegndi áfram starfi sínu hjá stefnda, þar til honum var sagt upp, án þess að samið væri um lengri uppsagnarfrest.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og að öðru leyti með skírskotun til héraðsdóms ber að fallast á þá úrlausn hans, að stefnda hafi verið heimilt að segja ráðningarsamningnum upp með eins mánaðar fyrirvara.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóm, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað. Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingólfur Aðalbjörnsson, greiði stefnda, Snæfell-
ingi hf., 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 8. febrúar 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 4. febrúar sl., er höfðað fyrir dómþingi Héraðsdóms Vesturlands með stefnu, birtri 2. júní 1993 og þingfestri 9. júní 1993, af Ingólfi Aðalbjörnssyni, kt. 070154-3749, Borgarholti 2, Ólafsvík, á hendur Stefáni Garðarssyni, kt. 160754-2819, Vallholti 4, Ólafsvík, sem stjórnarformanni Snæfellingss hf., kt. 560279-0359, Kirkjutúni 2, Ólafsvík, f. h. félagsins.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.603.338 kr., en til vara, að stefndi greiði 801.669 kr. Til þrautavara gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi greiði sér 267.223 kr. Í öllum tilvikum krefst stefnandi ársdráttarvaxta [...]. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var ráðinn framkvæmdastjóri Útvers hf., Ólafsvík, með ráðningarsamningi, dags. 10. október 1988. Samkvæmt 12. gr. samningsins skyldi hann gilda ótímabundið að liðinni þriggja mánaða reynsluráðningu, yrðu aðilar um það ásatir. Uppsagnarfrestur skyldi þá

vera sex mánuðir af beggja hálfu. Stefnandi hélt áfram þessu starfi sínu að loknum reynslutímanum. Hinn 15. október 1991 urðu verulegar breytingar á eignaraðild fyrirtækisins, og var nafni stefnda þá breytt svo sem það er nú. Hinn 30. október 1991 gerðu aðilar með sér samkomulag. Samkvæmt því átti stefnandi að vinna sem framkvæmdastjóri hjá Snæfellingi hf. frá 1. nóvember til 31. desember 1991, nema um annað yrði samið síðar. Hinn 13. janúar 1992 var gerður ráðningarsamningur við stefnanda, þar sem stefnandi var ráðinn framkvæmdastjóri stefnda og fyrirtækjanna Varakolls hf. og Útgerðarfélagssins Tungufells hf. Gildistími samningsins var frá 1. janúar 1992 til 31. mars 1992. Með ábyrgðarbréfi, dagsettu 26. febrúar 1993, var stefnanda sagt upp störfum frá og með næstu mánaðamótum með eins mánaðar uppsagnarfresti. Í bréfinu er vísað til samkomulags aðila, en að öðru leyti skírskotað til ráðningarsamningsins frá 13. janúar 1992.

Stefnandi kveður, að við uppsögnina hafi eftirágreidd mánaðarlaun numið alls 252.097 krónum, sem hafi skipst í fastakaup, 183.060 kr., fasta yfirvinnu, 45.765 kr., og 10,17% orlof á hvort tveggja, 23.272 kr., samtals 252.097 kr. Jafnframt hafi stefndi ávallt greitt 6% lífeyrissjóðsframlag sitt vegna stefnanda, 15.126 kr., beint til stefnda. Samtals hafi föst heildarmánaðarlaun stefnanda því numið 267.223 krónum. Auk þeirra kveðst stefnandi hafa fengið greitt fyrir 600 km mánaðarleg afnot eigin bifreiðar í þágu stefnda skv. akstursgjaldi ríkisstarfsmanna og alla notkun heimasíma.

Stefnandi mótmælti með bréfi sínu, dags. 2. mars 1993, að uppsagnarfrestur hefði byrjað að líða miðað við dagsetningu uppsagnarbréfs og að hann væri einungis einn mánuður. Í bréfinu mótmælti stefnandi uppsagnarfresti, en taldi hann vera sex mánuði samkvæmt áðurnefndum ráðningarsamningi stefnanda og Útvers hf. frá 10. október 1988, sbr. samkomulag frá 30. október 1991. Aldrei hefði verið gengið frá ótímabundnum samningi með skemmri fresti. Í bréfi þessu áskildi stefnandi sér að gera kröfu til launa allan þann uppsagnarfrest, sem hann taldi sig eiga.

Stefndi svaraði þessum mótmælum stefnanda með bréfi, dags. 9. mars sl., þar sem því er haldið fram, að uppsagnarfrestur gildi frá 26. febrúar 1993, og samkvæmt því eigi stefnandi aðeins rétt á launum fyrir marsmánuð 1993 og að starfslok hans skuli vera 31. mars það ár.

Kveðst stefnandi hafa látið af störfum þann dag hjá stefnda fyrir orð stjórnarformanns stefnda, en hafi verið reiðubúinn að starfa áfram út allan þann uppsagnarfrest, sem hann taldi sig eiga.

Í bréfinu er áréttuð sú skoðun meiri hluta stjórnar stefnda, að uppsagnarfrestur sé einn mánuður, og frekari launakröfum stefnanda hafnað. Var skírskotað til tímabundins ráðningarsamnings við stefnanda frá 13. janúar 1992 og

munlegs samkomulags frá 9. apríl s. á., sem stefnandi kveðst ekki kannast við og þvertekur fyrir að hafa gert.

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 14. maí 1993, var stefndi krafinn um laun stefnanda í uppsagnarfresti, sem stefnandi taldi sig eiga, þ. e. í 6 mánuði.

III.

Málsástæður stefnanda eru þær, að samkvæmt ráðningarsamningnum 10. október 1988, sem aldrei hafi verið sagt upp og hann telji gilda, eigi hann sex mánaða uppsagnarfrest og þá miðað við mánaðamót. Umrædd uppsögn, sem hafi verið fyrirvaralaus, hafi komið til vitundar sinnar 2. mars 1993 og fresturinn því ekki byrjað að líða fyrir en 1. apríl 1993. Stefndi verði samkvæmt þessu að svara sér bótum, sem svari til sex mánaða launa, og tekur aðalkrafa stefnanda mið af því.

Stefnandi heldur því fram, að samningnum frá 10. október 1988 hafi aldrei verið sagt upp, sem þó hafi verið tilskilið í 12. gr. hans. Í fyrrgreindu samkomulagi frá 30. október 1991 „um starfið, kaup og kjör“ hafi verið miðað við samninginn frá 10. október 1988, sbr. lokasetningu þess samkomulags. Ráðagerðir um nýjan samning með gildistíma frá og með 1. apríl 1992 og þá með eins mánaðar uppsagnarfresti hafi aldrei orðið að veruleika.

Varakröfu sína reisir stefnandi á því, að lágmarksuppsagnarfrestur samkvæmt þeim samningskjörum, sem stefnandi hafi notið, sé þrír mánuðir, og því geti eins mánaðar uppsögn, sem stefndi haldi fram, ekki staðist.

Prautavarakröfu sína reisir stefnandi á því, að uppsögnin hafi tekið gildi 1. maí 1993.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna vinnu- og skaðabótaréttar svo og reglna samningaréttar um ákvaðir og þeirrar meginreglu, að samningar skuli standa. Um dráttarvexti vísar stefnandi til laga nr. 25/1987 og styður kröfu um málskostnað lögum nr. 91/1991. Stefnandi kveðst vera óskráður aðili, að því er varði þessa kröfugerð, og beri því nauðsyn til dóms að teknu tilliti til virðisaukaskatts á málskostnað.

IV.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að ráðningarsamningur stefnanda við Útver hf. frá 10. október 1988 hafi ekkert gildi í málinu. Ráðningarsamningurinn frá 13. janúar 1992 gildi í lögskiptum aðila með þeirri breytingu einni, að stefndi hafi samþykkt á stjórnarfundi 9. apríl 1992 að veita stefnanda eins mánaðar uppsagnarfrest. Aðrar breytingar hafi ekki verið gerðar á samningnum, og hafi stefnandi haldið áfram að vinna með þeim kjörum, sem ráðningarsamningurinn hafi mælt fyrir um.

Stefndi mótmælir því sérstaklega, að lágmarksuppsagnarfrestur stefnanda sé þrír mánuðir, þar sem samið hafi verið um annað.

Stefndi heldur því fram, að uppsagnarbréfið hafi verið afhent á pósthúsinu í Ólafsvík 26. febrúar 1993. Póstþjónustan sé löglegur flutningsaðili orðsendinga. Uppsagnarfrestur teljist því frá þeim degi miðað við næstu mánaðamót, sbr. 2. mgr. 2. gr. 1. nr. 7/1936, sbr. og 61. gr. 1. nr. 39/1922 svo og 14. gr. 1. nr. 44/1976. Stefndi mótmælir því sérstaklega, að uppsögnin þurfi að hafa komið til vitundar stefnanda fyrir 1. mars 1993; það nægi, að hún hafi verið afhent á póststöð fyrir þann tíma.

V.

Eins og fram hefur komið í málavaxtalýsingu, hóf stefnandi máls þessa störf sem framkvæmdastjóri hjá Útveri hf. í október 1988 og gerði ráðningarsamning við Útver hf. 10. október 1988, en 15. október 1991 breytti félagið um eignaraðild og nafn.

Skömmu eftir þessar breytingar á eignaraðild gerðu aðilar málsins með sér samkomulag, dagsett 30. október 1991, þar sem stefnandi réð sig tíma-bundið sem framkvæmdastjóra stefnda í þrjá mánuði til reynslu, en að öðru leyti var vísað til fyrri samnings hans og Útvers hf. um starfið, kaup og kjör. Þar sem stefnandi hélt áfram starfi sínu eftir þennan reynslutíma, ber að líta svo á, að hinn fyrri samningur hafi tekið gildi og gilt allt til þess, að stefnandi gerði nýjan samning við stefnda 13. janúar 1992. Sá samningur var einnig tímabundinn í þrjá mánuði, en vísaði ekki til fyrri samnings. Verður því að líta svo á, að með þeim samningi hafi fallið úr gildi samningur stefnanda og Útvers hf. frá 10. október 1988. Stefndi hélt áfram störfum sínum hjá stefnda, eftir að reynslutíma hans lauk, án þess að nýr samningur væri gerður og samkvæmt framansögðu því án samningsbundins uppsagnarfrests, en sá samningur að öðru leyti í gildi um starfskjör stefnanda.

Hins vegar liggur frammi í málinu fundargerð af fundi stjórnar stefnda frá 9. apríl 1992, þar sem fram kemur, að rätt var um endurskoðun ráðningarsamnings framkvæmdastjóra og tillaga um eins mánaðar uppsagnarfrest samþykkt með atkvæði stjórnarformanns, en atkvæði fallið jafnt. Eftir að stefnandi kom á fund, segir í fram lagðri bókun: „Rätt um ráðningarsamninginn við framkvæmdastjóra. Ingólfur sagðist taka samningi með eins mánaðar uppsagnarfresti, en óskaði eftir endurskoðun á launalið samningsins. Málinu því frestað.“ Undir þessa bókun ritar Atli Alexandersson meðstjórnandi.

Stefnandi hefur haldið því fram, að endurskoðun launa sinna væri skilyrði þess, að hann tæki eins mánaðar uppsagnarfresti. Ekki liggur fyrir, að stefnandi hafi gert frekari reka að gerð samnings við stefnda síðar um

breytt launakjör eða þeim verið breytt. Er það álit dómsins, að framan- greind bókun sé nægilega skýr og skilyrðislaus, enda engum öðrum samn- ingsbundnum né lögákveðnum ákvæðum til að dreifa um uppsagnarfrest stefnanda.

Var því í gildi samningur milli aðila frá 13. janúar 1991 með óbreytt kjör nema með eins mánaðar uppsagnarfresti.

Fram hefur verið lagt í málinu uppsagnarbréf til stefnanda, dagsett 26. febrúar 1993. Var það ritað, er stefnandi var í fríi frá störfum hjá stefnda. Í aðilaskýrslu hér fyrir dómi bar stjórnarformaður stefnda, að bréfið hefði verið afhent á pósthúsi um kl. 15.30 eða um „kaffileytið“ 26. febrúar 1993. 26. febrúar bar upp á föstudag það ár. Verður því að telja vafasamt, að til- kynning um ábyrgðarbréf hafi borist stefnanda fyrir mánaðamót febrúar/ mars og hann því átt kost á að kynna sér efni þess. Ber því að líta svo á, að uppsagnarfrestur stefnanda hafi byrjað að líða 1. apríl 1993.

Samkvæmt framansögðu verður þrautavarakrafa stefnanda tekin til greina, en ekki er uppi tölulegur ágreiningur í málinu.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda 100.000 kr. í málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til þeirrar skyldu stefnanda að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Hervör Porvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Snæfellingur hf., greiði stefnanda, Ingólfi Aðalbjörnssyni, 267.223 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. maí 1993 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 100.000 kr. í málskostnað.
